

Skýrsla um sjálfsmat 2024-2025

Innra mat í Menntaskólanum að Laugarvatni
Freyja Rós Haraldsdóttir, formaður sjálfsmatsnefndar, sept. 2025



**MENNTASKÓLINN
AÐ LAUGARVATNI**

manngildi, þekking, atorka

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Áætlun um sjálfsmat 2025-2028.....	4
3. Mat á árangri.....	5
4. Framhaldsskólapúlsinn haust 2024	7
5. Foreldrakönnun vor 2025	11
6. Kennsla – mat á gæðum kennslu	14
Áfangamat, foreldrakönnun, framhaldsskólapúlsinn.....	14
7. 3ja ára stúdentar – útskrifuð 2022	17
8. Stofnun ársins haust 2024.....	20
9. Umbótaáætlun v. innra mats 2024-2025	21

1. Inngangur

Sjálfsmatsnefnd ML annast innra mat skólans. Fastir fulltrúar nemenda eru stallari (formaður nemendafélagsins) og varastallari nemendafélagsins, formaður foreldrafélagsins FOMEL situr fyrir hönd foreldra (eða staðgengill sem hann tilnefnir, eins og nú var). Fulltrúi starfsfólks er valinn á skólafundi í upphafi vetrar.

2024-2025 sátu í nefndinni:

Freyja Rós Haraldsdóttir gæðastjóri og formaður sjálfsmatsnefndar

Ragnhildur Sævarsdóttir fulltrúi FOMEL

Elín Jóna Traustadóttir fulltrúi STAMEL

Egill Snær Sveinsson fulltrúi STAMEL

Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir, stallari

Eydís Lilja Einarsdóttir varastallari og ritari.

Fundað var tvisvar á skólaárinu 2024-2025, í desember og maí, og niðurstöður kannana þar að auki til umfjöllunar við ýmis tilefni. Virkt samtal á sér stað um það sem kemur í ljós, hverju skal fagna og hvernig bregðast skuli við öðru til að snúa stefnunni í rétta átt. Í þessari skýrslu er fjallað um sex kannanir sem voru lagðar fyrir yfir veturinn:

1. Framhaldsskólapúlsinn – nemendur
2. Áfangamat að hausti – nemendur
3. Stofnun ársins – starfsfólk
4. Könnun fyrir foreldra og aðstandenda – foreldrar
5. Áfangamat að vori – nemendur
6. 3ja ára stúdentar – útskrifaðir nemendur

Úrvinnsla kannana er í höndum gæðastjóra og felst í að rýna niðurstöður, kynna þær og taka til umræðu á ýmsum vettvangi. Í kjölfarið eru valdar áherslur og aðgerðir, í góðu samráði við sjálfsmatsnefnd og stjórnendur. Haldið er utan um stöðu aðgerða í Loop: *Umbótaáætlun vegna innra mats*, þar sem gæðastjóri, skólameistari og áfangastjóri hafa aðgang. Skólameistari rýnir niðurstöður, aðgerðir og markmið og samþykkir sjálfsmatsskýrsluna, áður en hún er birt.

2. Áætlun um sjálfsmat 2025-2028

Lagt er upp með að innra mat náí til allra aðila skólasamfélagsins; núverandi og fyrrverandi nemenda, starfsfólks og foreldra. Áætlun til næstu þriggja ára var samþykkt í sjálfsmatsnefnd og af skólameistara:

2025-2026	
Haust 2025	Nemendur: Framhaldsskólapúlsinn Nemendur: Áfangamat Starfsfólk: Stofnun ársins
Vor 2026	Nemendur: Þjónustukönnun Nemendur: Áfangamat Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2023)
2026-2027	
Haust 2026	Nemendur: Framhaldsskólapúlsinn Nemendur: Áfangamat Starfsfólk: Stofnun ársins
Vor 2027	Nemendur: Heimavist og félagslíf Nemendur: Áfangamat Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2024)
2027-2028	
Haust 2027	Nemendur: Framhaldsskólapúlsinn Nemendur: Áfangamat Starfsfólk: Stofnun ársins
Vor 2028	Foreldrar: Foreldrakönnun Nemendur: Áfangamat Útskrifaðir nemendur: Könnun meðal 3ja ára stúdenta (2025)

3. Mat á árangri

Nú gafst tækifæri til að meta árangur aðgerða varðandi sex matsatriði þar sem ráðist var í úrbætur í kjölfar fyrri kannana:

Matsatriði	Viðmið um árangur	Dæmi um aðgerðir	Mat á árangri
Mötuneytið Foreldrar	Frá 2021, foreldrakönnun: Þeim foreldrum sem segjast mjög sammála fullyrðingu um ánægju með matinn í mötuneytinu fjölgi um 5 prósentustig (úr 59% í 64%).	Fastir mötuneytisfundir. Umræða um mötuneytið í umsjónartímum og miðlað til bryta. Stefna sett fyrir mötuneytið og unnið með gátlista HEF. Morgunkaffi með ávöxtum.	[vegna breytinga á könnun er unnið með aðra spurningu] Ánægja með mötuneytið: hækkaði úr 75% í 87%
Vinnulag í námi Nemendur	Frá 2024, framhaldsskólapúls: úr 4,7 í 5,1 (sem var viðmiðið á landsvísu).	Námstækninámskeið haust 2024.	Hækkaði um úr 4,7 í 4,8
Áreitni og ofbeldi Nemendur	Frá 2024, framhaldsskólapúls: Er 42,1% hjá okkur en 27,7% á landsvísu. Viljum lækka um 10 prósentustig; í 32%.		Áreitni og ofbeldi: lækkaði úr 42,1% í 41,1% <i>Óviðunandi niðurstaða þrátt fyrir þróun í rétta átt. Verður unnið áfram (sjá umbótaáætlun aftast í þessu skjali).</i>
Leiðsagnarnám Nemendur	Frá 2024, framhaldsskólapúls: Viðmið: sækja enn á varðandi a.m.k. tvennt af þessum fjórum; stuðning, þátttöku, leiðsagnarmat og ígrundun.	Ívar Rafn – sérfræðingur í leiðsagnarnámi – gestur á starfendarannsóknarfundi. Súsanna Margrét – sérfræðingur í kennslufræði og starfsþróun kennara – gestur á starfendarannsóknarfundi Heimsóknir í kennslustundir.	Matið fór niður (þ.e. til verri vegar) um 0,3-0,6 fyrir alla þessa þætti



Kvíði Nemendur	Frá 2024, framhaldsskólapúls: Viðmið: úr 39,6% í 35%.	Gulur september – skilaboð á skólaskjá. Fylla út gátlistann fyrir geðrækt (Heilsueflandi framhaldsskóli) og vinna með það. Elfar sálfræðingur með fræðslu um kvíða, fyrir alla bekkir í umsjónartíma.	Mat á kvíða lækkaði úr 39,6% í 26,6%.	
Vinnu- skilyrði Starfsfólk	Frá 2024: Hljóðvist: Hækka aftur, úr 3,63 í 3,85. Upplýsingagjöf: Hækka aftur, úr 4,0 í 4,1. Streita: Það verði óalgengara að fólki langi ekki í vinnuna næsta dag eða sé svo þreytt að það eigi erfitt með að gera nokkurn skapaðan hlut.	Unnið úr ýmsum ábendingum. T.d. að virkja nemendafélagið í að setja viðburði í sameiginlega dagatalið Umræða á kennarafundi og streituskóli Ólafs Þórs Ævarssonar. Minni yfirvinna.	Ánægja með hljóðvist hækkaði úr 3,63 í 3,90. Mat á upplýsingagjöf stóð í stað í 4,0. [spurning tekin út, annað viðmið valið] - Þau sem telja vinnuálag sitt of mikið lækkaði úr 45% í 30%. <i>Mat á vinnuskilyrðum í heild hækkaði úr 4,18-4,26.</i>	

4. Framhaldsskólapúlsinn haust 2024

Framhaldsskólapúlsinn var lagður fyrir í umsjónartíma 22. október. 128 svöruðu af 139 nemendum skólans, þ.e. 92% svörun.


Ath. niðurstöður úr varðandi nám og kennslu eru til umfjöllunar í 6. kafla skýrslunnar.

Það er fátt mikilvægara en að unga fólkinu okkar líði sem best, fari vel með sig og vel sé komið fram við þau. Það gleður því að sjá þær niðurstöður að allir matsþættir varðandi líðan nemenda þróist á jákvæðan veg. Bæði vegna þess að allt getur þetta haft mikil áhrif á námsárangur en einnig vegna þess að *skóli er samfélag*. Velferð nemenda er lykilatriði, eins og einkunnarorð ML undirstrika svo vel; Manngildi – Þekking – Atorka.


Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting
3.1. Vellíðan	4,5	127	0,3
3.2. Hamingja	76,4%	97 _{/127}	10,9%
3.3. Sjálfsálit	4,3	127	0,1
3.4. Stjórn á eigin lífi	3,7	126	0,1
3.5. Þunglyndi	9,7%	12 _{/124}	-4,8%
3.6. Kvíði	26,6%	33 _{/124}	-13,0%
3.7. Svefnleysi	34,4%	43 _{/125}	-6,1%
3.8. Ástæður svefnleysis	-	113	-
3.9. Einelti	17,2%	21 _{/122}	-0,1%
3.10. Áreitni og ofbeldi	41,1%	51 _{/124}	-1,0%

Líðan - Framhaldsskólapúlsinn 2024

Stærstu tíðindin úr Framhaldsskólaláttunum var stórtæk lækkun á upplifun kvíða en það fór niður um 13%. ML mælist nú undir viðmiðinu þar, í fyrsta skipti síðan 2014.



Kvíði er mjög kynbundinn vandi, bæði í ML og annarsstaðar. Stelpurnar eru mun líklegri til að upplifa einkenni kvíða heldur en strákar. Það er ánægjulegt að sjá að lækkunin á milli ára var mikil í báðum hópum, en áfram er langt í land með stelpurnar.




Áfram verður haldið með góðar áherslur; umsjón í umsjónartímum, öflugt umsjónarkennara-kerfi, vísað til sálfræðingsins og kynjafræðikennsla, gátlista HEF. Þíeta eru væntanleg með fræðslu fyrir allan skólann 15. október.

Strax og það kom í ljós að árangur í ofbeldisforvörnum var ekki eins og stefnt var að var ákveðið að setja á dagskrá vinnustofu á námsmatsdegi, fyrir allan skólann. Niðurstöður úr Framhaldsskólapólsinum voru kynntar, fólkinu skipt upp í hópa og samskiptasáttmáli ML lesinn yfir og endurskoðaður.

Haust 2025 kemur Benna Sörensen enn einu sinni, með fræðslu um áhorfendamiðaða nálgun. Í þetta skipti fáum við fræðsluna í lífsleiknitíma í 1. bekk og umsjónarkennarar rifja upp áherslurnar með eldri nemendum.


Á fundi með foreldrum á nýnemadegi í upphafi annarinnar hélt jafnréttisfulltrúi kynningu fyrir foreldra á EKKO kerfi skólans. Þar var undirstrikað mikilvægi þess að öll séu meðvituð og láti vita af því sem kemur upp. Aðstandendur voru beðnir um að spjalla um gamlar hefðir við sín börn – það eru kannski til góðar sögur um sumar þeirra – en margt af því sem áður tíðkaðist er ekki samþykkt í dag.



Spurningar á bakvið “áreitni og ofbeldi”

1. Ég varð fyrir barsmíðum eða öðru líkamlegu ofbeldi
2. Mér var hótad eða ógnað þannig að ég óttaðist um öryggi mitt
3. Ég var niðurlægð(ur) fyrir framan aðra
4. Ég varð fyrir kynferðislegri áreitni (t.d. snerting sem ég vildi ekki, kynferðislegar athugasemdir uppnefni)
5. Ég varð fyrir kynferðislegu ofbeldi (þvinguð/þvingaður til kynlífsathafna sem ég vildi ekki eða tilraun gerð til þess, t.d. samfara, munnmaka, endaparmsmaka eða annarra kynlífsathafna)
6. Ég varð fyrir því að persónulegum eigum mínum var stolið

Til hefur staðið að bæta vinnulag nemenda í námi. Eins og kom fram í yfirliti á bls. 5 var stefnt á að ná viðmiðinu í samanburði við aðra skóla. Þróunin var í rétta átt en markmiðinu ekki náð. Verður áfram unnið að því en nú með því að efna til átaks á meðal kennara. Skipulögð verður fræðsla og samtal, varðandi það að góð námstækni og vinnubrögð séu á dagskrá í hverjum áfanga (eða sem víðast, eftir því sem við á).



5. Foreldrakönnun vor 2025

Könnunin var send út í gegnum Innu í mars. Tvisvar var send áminning til að stuðla að sem bestri svörun. 136 svöruðu, frá 11.-24. mars 2025.

Könnun fyrir forráðamenn/aðstandendur ML 2025			
Matsþættir	2021	2025	Breyting
Dvölin í ML hefur góð áhrif á barnið mitt	90%	96%	6%
Viðmót starfsfólks ML er gott	93%	96%	3%
Námsframboð í ML er nægilega fjölbreytt	69%	72%	3%
Námið í ML hentar barninu mínu vel	91%	90%	-1%
Ég er ánægð(ur/t) með skólasóknarreglurnar	87%	95%	8%
Ég er ánægð(ur/t) með heimavistarreglurnar	96%	96%	0%
Ég er ánægð(ur/t) með forvarnarstarf í skólanum	77%	85%	8%
Kostnaður við mat í mötuneytinu er hóflegur	68%	65%	-3%
Ég er ánægð(ur/t) með þjónustu mötuneytisins.	75%	87%	12%
Ég er ánægð(ur/t) með þjónustu þvottahússins	-	78%	-
Heimasíða skólans fullnægir þörfum mínum fyrir almennar upplýsingar um skólann og námið	79%	84%	4%
Almenn upplýsingagjöf frá ML er góð	86%	86%	0%
Ég fæ fullnægjandi upplýsingar frá skólanum um gengi ólögráða barns míns	80%	75%	-5%
Það er mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í starfsemi foreldrafélagsins við skólann.	60%	69%	9%

Könnun meðal foreldra og aðstandenda 2021 og 2025 – þau segjast mjög eða frekar sammála

Niðurstöðum var miðlað til starfsfólks með þremur tölvupóstum í júní, með áherslu á það jákvæða og uppbyggilega. Húsvörður og húsfreyja fengu samantekt á því sem varðaði þeirra störf og vistina, bryti mötuneytisins fékk einnig sér-póst og svo að lokum allt starfsfólk. Hér má sjá nokkur hlý orð frá foreldrum sem starfsfólkið tók með sér inn í sumarið:

- *Bekkjakerfið, öflugt félagsstarf, heimavistin, gott utanumhald, aðgengi að sálfræðingi, frábært mötuneyti, gott starfsfólk.*
- *Bekkjakerfið, fámennur skóli sem er persónulegra og betra upp á kennslu og utanumhald, maturinn er víst algjört æði.*
- *Skólabragurinn, krakkarnir í frekar öruggu umhverfi og starfsfólkið vingjarnlegt. Góður andi hjá nemendum. Virkt félagslíf.*
- *Bekkjakerfið og hvernig haldið er utan um nýnema sem eru að hefja þriggja ára nám við skólann.*
- *Gott utanumhald og góður bragur á öllu.*
- *Félagslífið, nemendur & starfsfólk og mötuneytið.*
- *Hvað vel er hugsað um krakkana og hver og einn fær að njóta sín og starfsfólk er almennilegt, sér í lagi vistarverðir frábærir.*
- *Í ML fær barnið mitt tækifæri til að blómstra og þroskast. Verður enn sjálfstæðara í námi og eignast góða vini. Nóg að gera í íþróttum, tómstundum og félagslífi. ML stenst væntingar barns og foreldra.*
- *Frábær húsbóndi og húsfreyja. Góðir kennarar sem gott er að leita til.*
- *Að barninu mínu líður vel þar bæði á heimavist og hvað varðar nám. Góður andi og umhyggja.*
- *Barnið mitt veit að alltaf er hægt að leita til starfsfólks skóla og heimavistar, sama hvað bjátar á.*
- *Svo virðist sem öllum þyki annt um nemendur skólans.*
- *Félagar og bekkjarstemning.*
- *Gott utanumhald, góður andi, gott nám.*
- *Gott aðhald við nemendur bæði í námi og vist en samt er þeim gefið pláss til að þroskast á eigin vegum.*
- *Góður og traustur skóli.*
- *Mjög góður skóli.*
- *Takk fyrir mín börn 😊*
- *Takk öll fyrir að hugsa vel um börnin.*

Í opnu svörunum komust ýmis fleiri sjónarmið til skila. Sem dæmi þá telja sumir foreldrar þörf á hollari mat, kalla eftir meiri ró á vistum, undirstrika mikilvægi öflugra forvarna og einhver vilja breytingu á gjaldtöku í þvottahúsinu. Sjálfsmatsnefnd fékk til yfirlestrar þau svör sem ekki voru metin viðkvæm/persónuleg og stjórnendur fengu heildaryfirlit, flokkað eftir þeim.

Á fundi sjálfsmatsnefndar skapaðist umræða um námsframboð og athygli vakti að margir segja helstu ástæður þess að barnið þeirra valdi ML vera vegna félagslífs og heimavistar en fáir vegna námsframboðs (3%). Eins og sjá má á töflunni á bls. 11 töldu 72% námsframboð í ML vera nægilega fjölbreytt en 90% telja engu að síður að námið henti barni sínu frekar eða mjög vel. Það er gott að viðhalda og jafnvel auka námsframboð í ML, með fjölgun námsbrauta eða valáfanga. Það kostar þó allt sitt og þarf ef til vill ekki að vera forgangsmál, ef litið er til þess að aðsókn að skólanum er góð og námsframboðið er ekki það sem helst trekkir að. Nemendur í sjálfsmatsnefndinni voru enn fremur á því máli að úrval valáfanga væri raunar ótrúlega gott.

Helsta sóknarfærið var greint í því að efla upplýsingagjöf varðandi gengi ólögráða barna. Þar verður litið til þess að brýna kennara í því að virða tímamörk við yfirferð og endurgjöf í námsmat. Umsjónarkennarar verða áfram hvattir til að vera í góðum tengslum við aðstandendur, m.a. með því að minna þau á að þau geti haft samband ef eitthvað er.

Mat foreldra á gæðum kennslu er til umfjöllunar í næsta kafla.



6. Kennsla – mat á gæðum kennslu

Áfangamat, foreldrakönnun, framhaldsskólalúpsinn

Í þessum kafla verða teknar saman niðurstöður varðandi mat á kennslu í ML, úr könnunum meðal nemenda og foreldra. Kennsluhættir og fagmennska kennara veltur auðvitað á fleiru en upplifun nemenda eða aðstandenda. Það er þó afar athyglisvert að fylgjast með þróuninni og mikilvægt að fá þessi gögn. Stjórnendur fá þarna innsýn í stöðuna og geta fylgt því eftir með starfsmannasamtölum eða með fræðslu og umræðum í hópnum, eftir því sem við á. Tölfræðileg gögn sem sveigjast niður á við eða einstaka neikvæðar athugasemdir mega þó alls ekki yfirskyggja allt það jákvæða. Það eru margar vísbendingar um gæðakennslu og ábyggilegt að nám og kennsla eru í sífelldri þróun.

Ákveðið hafði verið á fundum sjálfsmatsnefndar að áfangamatið yrði einfaldað lítillega. Fyrsta spurningin tekin út og ef til vill líka sú fjórða, um námsmatsaðferðir. Það reyndist þó ekki samstaða um það og varð ekki úr – könnunin var eins og fyrr. Einungis skólameistari og kennarar sjálfir skoða niðurstöður fyrir hvern áfanga (auk áfangastjóra ef hún tekur starfsmannaviðtal við viðkomandi kennara). Ein opin spurning var í könnuninni um haustið: **Vilt þú koma einhverju á framfæri varðandi áfangann?** Nú eru opnu spurningarnar hafðar inni og kennarar láta vita ef þeir vilja láta loka þeim (var öfugt). Skólameistari les yfir opnu svörin og sigtar úr ef um ónærgætnar eða ómálefnalegar athugasemdir er að ræða. Kennarar fengu jafnframt hvatningu og verkfæri til að leggja fyrir eigin kennslukannanir og kalla eftir sjónarmiðum nemenda sinna. Niðurstöður áfangamats voru upp á við um haustið '24 en niður á við um vorið '25:

Matspáttur/spurning	Haut 2023	Þróun	Vor 2024	Þróun	Haut 2024	Þróun	Vor 2025	Þróun
Gefðu áfanganum í heild sinni einkunn á skalanum 1-10	7,7	+0,2	7,4	-0,3	7,6	+0,2	7,2	-0,4
Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,9	+0,4	7,3	-0,6	7,6	+0,3	7,1	-0,5
Gefðu námsefninu í áfanganum einkunn á skalanum 1-10	7,5	+0,1	7,2	-0,3	7,4	+0,2	6,9	-0,5
Gefðu námsmatsaðferðum í áfanganum einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er slæm aðferð en 10 góð aðferð	7,6	+0,2	7,1	-0,5	7,4	+0,3	7,0	-0,4
Hvernig meturðu vinnuálagið í áfanganum með einkunn á skalanum 1-10 þar sem 1 er lítið álag 10 mikið álag	5,6	+0,2	5,9	-0,3	6,0	-0,1	6,2	-0,2
Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga á skalanum 1-10	7,7	+0,3	7,5	-0,2	7,6	+0,1	7,4	-0,2

Áfangamat haust 2023 til vors 2025

Í könnun meðal foreldra og aðstandenda var spurt um gæði kennslu:

Kennslan í ML er:	2015	2021	2025	Þróun á milli kannana
Góð	46%	64%	54%	-10%
Viðunandi	41%	24%	31%	7%
Slök	2%	1%	2%	1%
Veit ekki/vil ekki svara	10%	11%	13%	2%

Foreldrakönnun 2015-2025 - gæði kennslu

Nokkuð var um að foreldrar tjáðu sig í opnum spurningum um kennslu í einstaka áföngum, forföll kennara, sumir kalla eftir meira aðhaldi og stuðningi, það þurfi að gæta að samræmi og kröfum. Það sama má segja um athugasemdir nemenda, þær voru allnokkrar varðandi atriði sem betur mættu fara í kennslunni. Bæði foreldrar og nemendur taka þó fram að erfitt sé að leggja mat á kennsluna heilt yfir, því hún sé misjöfn eftir áföngum.

Nemendur mátu líka nám og kennslu í Framhaldsskólupúlsinum. Því miður voru mælikvarðarnir þar allir niður á við að þessu sinni og við erum undir viðmiðinu:

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum	78,9%	97/123	-7,8%	66,8%	805/1174	12,1%*
1.2. Samsömun við nemendahópinn	4,6	123	-0,7	4,6	1.182	0,0
1.3. Stuðningur kennara við nemendur	5,3	123	-0,3	5,5	1.179	-0,2
1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,3	123	-0,4	5,5	1.174	-0,2
1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)	5,4	122	-0,3	5,8	1.172	-0,4*
1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)	5,5	122	-0,6	5,9	1.170	-0,4*

Framhaldsskólupúlsinn 2024 – Námsumhverfi


Þættirnir sem spurt er um í Framhaldsskólupúlsinum og eiga að mæla leiðsagnarmat hljóta að teljast verðug markmið; **Kennarar:**

...láta mig vita hve vel mér gengur í náminu

...ræða við mig um styrkleika og veikleika í náminu

...segja okkur hvers er vænst af okkur í prófi, skyndiprófi eða verkefni

...segja mér hvað ég þarf að gera til að verða betri í náminu



Tíðni leiðsagnarmats- Framhaldsskólupúls 2014- 2024


Það hefur ekki verið yfirlýst stefna skólans að innleiða leiðsagnarnám með formlegum hætti, en þó hefur þeirri hugmyndafræði verið gert hátt undir höfði. Á tímabili var leiðsagnarnám sem þema í starfendarannsóknun og 2024 komu tveir sérfræðingar í heimsókn, Ívar Rafn og Súsanna Margrét. Veturinn '24 - '25 lögðu kennarar áherslu á að heimsækja hvert annað (áhorf) og ræða um starfshætti sína. Eins og grafið hér að ofan sýnir þá hefur þróunin í leiðsagnarmatinu samt því miður ekki alltaf verið í rétta átt og ML er einn af neðstu gráu punktunum árið 2024. Á vörfundum Skólupúlsins vakti undirrituð mál á því að það gæti verið hagur í því að fá að vita hvaða skólar það eru sem sýna góðan árangur (t.d. varðandi leiðsagnarmat). Eiga kost á því að komast í samband við þau eða fá kynningu frá þeim. Þau sem skora hæst eru með næstum því 8 fyrir þennan þátt. Hvað eru þau að gera sem virkar? Hvaða inngrip hafa skilað árangri? Annar skóli hafði sömu reynslu og við, þ.e. þau höfðu stefnt að því að styrkja mælingar sem varða leiðsagnarnám en séð neikvæða þróun. Þetta fékk góðar undirtektir og verður fylgt eftir í samtölum við Skólupúlsinn.

Í ML er lagt upp úr því að treysta á fagmennsku kennara og virða sjálfstæði þeirra. Það togast síðan á við viljann til að hafa áhrif, efla, styðja og reyna eftir fremsta megni að tryggja gæði. Það er ríkur vilji til að styðja við öflugt lærdómssamfélag meðal kennaranna. Haustið 2024 sóttu skólameistari og gæðastjóri frábært leiðtoganámskeið á vegum SMÍ; Building Relationships and Developing People undir leiðsögn Bruce Barrett. Í [ársskýrslu skólans](#) er fjallað um heilmikla starfsþróun og endurmenntun sem á sér stað. Kennarar sækja endurmenntunarnámskeið, skólinn skipuleggur fræðslu innanhúss og löng hefð er fyrir reglulegum starfendarannsóknarfundum.

7. 3ja ára stúdentar – útskrifuð 2022

Árleg könnun meðal útskrifaðra nemenda var lögð fyrir 2. júní - 1. júlí 2025. Að venju var stallari viðkomandi útskriftarhóps (2022) tengiliður við hópinn. Svarhlutfall var 62% (28 af 45 nemendum svöruðu). Helstu niðurstöður voru kynntar með tölvupóstum á starfsfólk í september. Skólameistari, áfangastjóri og gæðastjóri fóru yfir ábendingar um það sem betur má fara og það sem varðar uppbyggingu námsins.

Að meðaltali síðustu 12 ár hafa 72% útskrifaðra metið það svo að dvölin í ML hafi undirbúið þau *frekar vel* eða *mjög vel* fyrir frekara nám. Af þeim sem svöruðu könnuninni í ár voru 77% á því. Lítið sem ekkert er um að fólk svari því að dvölin hafi undirbúið þau illa en sum segja *hvorki vel né illa*.



Opnu svörin - valin ummæli um nám og kennslu (viðkvæm ummæli sem varða kennslu í einstaka greinum eða fögum eru ekki birt í þessari opinberu skýrslu):

1. *Samskiptahæfni eykst virkilega mikið við að búa með svona mikið af fólki. Ég lærði virkilega mikið af náminu, góð kennsla sem opnaði hug minn fyrir ýmsum hlutum. Fannst æðislegt að fá að gera eigið lokaverkefni sem sneri að áhugasviði mínu. Eftir ML var ég klár í að takast á við ýmsa hluti sem mér fannst aðrir jafnaldrar úr öðrum skólum ekki á sama stað með. Kennslan var einnig virkilega góð með að kenna manni að skrifa faglega og vel.*
2. *Mér finnst þurfa að vera styttra stökk úr menntaskóla og yfir í háskóla. Betri undirbúningur fyrir nemendur.*


3. *Sjálfstæði og eftirfylgni í námi.*
4. *Frábærir kennarar.*
5. *Ég sá langoftast gleði og metnað hjá kennurum og starfsfólki, það er mikilvægt til að halda uppi góðum anda í erfiðleikum námsins.*
6. *Nándin og hvað kennarar tóku vel utan um mann.*
7. *Að mínu mati fannst mér námið mjög fint á þeim tíma sem ég var í skólanum en fann fyrir því þegar ég fór í háskóla hvað ég var illa undirbúin þegar það kom að prófum þar sem ég fór aldrei í stór lokapróf í ML var erfitt að átta sig á því hvernig best að læra fyrir stór lokapróf í háskóla.*
8. *Félagsskapur og góð tenging milli kennara og námsmanna fylgst vel með hverjum og einum og tillit gefið til mismunandi persónuleika.*
9. *Kennarar sem vildu allir nemendunum best og voru með metnað að kenna.*
10. *Allir halda með þér, kennarar, samnemendur og annað starfsfólk á ML. Það hjálpar svo mikið að vita af stuðningnum sem þau gefa.*

Langflestir nemendur fara í frekara nám eftir að þau útskrifast og leiðirnar sem þau velja sér eru fjölbreyttar:



MÍT
FÁ
HÍ
HA
Keilir
Bífröst
Tækniskólinn
Listaháskólinn
Sjúkraflutningaskólinn
Myndlistaskóli Íslands
Söngskólinn í Reykjavík
Myndlistaskóli Reykjavíkur
Lýðháskólinn Sunnhordland
Landbúnaðarháskóli Íslands

Síðan mælingar hófust þá hafa þau sem útskrifast, og svara svo könnuninni nokkrum árum síðar, reynst ánægð með dvölinu í ML. 97% svöruðu jákvætt þessu sinni:




Dvölin í ML snýst ekki bara um það sem á sér stað í skólastofunum heldur líka skólabraginn, félagslífið og heimavistina, eins og þessi svör sýna:

1. *Pálmi og Erla auðvitað best í heimi og félagslífið engu líkt. Kórastarfið mjöðöðög mikilvægt. ML er bestur <3*
2. *Eignast vini og komast í burtu frá heimili.*
3. *Félagslífið og vistin*
4. *Félagsskapur og góð tenging milli kennara og námsmanna fylgst vel með hverjum og einum og tillit gefið til mismunandi persónuleika*
5. *Heimavistin og kórstarfið. Svo fannst mér ég bara læra svo mikið af allri upplifuninni, þetta er svo miklu meira en bara skóli<3*
6. *Samheldnin og tækifærið á að fá að vera maður sjálfur án þess að vera dæmdur*
7. *Vinir, starfsfólk*
8. *Vinirnir sem að ég fékk að kynnast og að upplifa heimavist*
9. *Það sem stóð upp úr ML var allt fólkið sem ég kynntist, ég þekkti engan í skólanum þegar ég byrjaði en svo var árgangurinn eins og fjölskylda manns. Ferðalagið með Erasmus var einnig mjög eftirminnileg og mjög þroskandi. Mér finnst mjög mikilvægt að skólar taki þátt í svona samstarfi með öðrum skólum.*


8. Stofnun ársins haust 2024

Könnunin Stofnun ársins var að venju lögð fyrir haustið 2024. 20 manns svöruðu að þessu sinni. Heildareinkunn var 4,34 og stóð í stað á milli ára.

Starfsfólk mat það í auknum mæli svo að launakjör væru lakari en í öðrum sambærilegum störfum. Það rímar að minnsta kosti ágætlega við gögn frá KÍ sem sýna að fleiri skólar hafa verið að fara fram úr ML í daglaunum og -heildarlaunum.



Mat á sjálfstæði í starfi fór niður á við:



Það er erfitt að vita nákvæmlega hvað skýrir þessa lækkun. Umræða var á kennarafundi (V25) og skólafundum (H25). Því var velt upp að hröð þróun í nútímanum hafi áhrif á þetta. Nemendur

og kennarar ML eru byrjuð að tileinka sér gervigreindina, við teljum okkur vera framarlega í tæknimálum og nýtum oft nýjustu lausnir. Það getur verið bæði kostur og galli, sérstaklega til skamms tíma, þegar breytingar eru örar. Ofnotkun nemenda á snjallsímum á skólatíma er ein áskorunin sem kennarar mæta í samtímanum.

Það ríkir meðvitund um þróunina. Við þessu verður brugðist með almenntri viðleitni til að miðla leiðbeiningum, styðja áfram við símenntun, gott og náið samstarf starfsfólks o.s.frv. Áhersla verður sett á vandaða móttöku nýliða og leiðbeiningar jafnframt sendar á allt starfsfólk þegar við á.

9. Umbótaáætlun v. innra mats 2024-2025

Umbótapættir og markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat og viðmið um árangur
Vinnulag í námi Nemendur bæti vinnulag í námi, s.s. að mæta undirbúin, læra þangað til þau skilja, skipuleggja sig og lágmarka truflun þegar þau læra.	Átak meðal kennara um að setja góða námstækni og vinnubrögð meira á dagskrá í hverjum áfanga. Skipuleggja fræðslu og samtál með kennurum.	Vetur 2025-2026.	Náms- og starfsráðgjafi	Framhaldsskólapúlsinn 2025 Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2025-2026. Viðmið: í 5,0 (úr 4,8).
Leiðsagnarnám Nemendur látin vita hvernig gengur, þekkja styrkleika og veikleika, vita hvers er vænst og hvað þarf til að bæta sig.	Grennslast fyrir um skóla sem skora hátt í leiðsagnarnámi. Rýna í hvað gengur vel annarsstaðar. Greina frá niðurstöðum.	Vetur 2025-2026.	Gæðastjóri	Framhaldsskólapúlsinn 2025 Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2025-2026. Viðmið: Þokast upp á við í mati á leiðsagnarnámi.
Áreitni og ofbeldi Nemendur séu örugg og ábyrg samskiptamenning eflist í skólanum.	Samskiptasáttmáli uppfærður og niðurstöðurnar kynntar öllum á vinnustofu alls skólans. EKKO kerfið kynnt á nýnemadegi. Ofbeldisvarnarskóli Benu í lífsleikni hjá 1. bekk. Umfjöllun í umsjónartímum hjá öðrum bekkjum.	Vetur 2025-2026.	Jafnréttisfulltrúi Lífsleiknikennari og umsjónarkennarar.	Framhaldsskólapúlsinn 2025 Umfjöllun í sjálfsmatsskýrslu fyrir 2025-2026. Viðmið: í 27% (úr 41%).

Sjálfstæði í starfi Áhrif á starf, yfirsýn, skýr markmið og góð tök á öllum þáttum starfsins.	Áhersla á vandaða móttöku nýliða og leiðbeiningar jafnframt sendar á allt starfsfólk þegar við á. Umræða á fundum og niðurstöðunni haldið á lofti.	Haust 2025 Haust 2025	Gæðastjóri	Stofnun ársins 2025 Viðmið: Í 4,6 (úr 4,33)
Upplýsingar Um gengi ólögráða nemenda.	Hamrað á reglu um frest til að fara yfir og gefa einkunnir. Gæta þess að miðannarmat sé vel kynnt og fylgja því sérstaklega eftir ef matið kemur illa út.	Haust 2025	Skólameistari Umsjónarkennarar	Foreldrakönnun vor 2028 Viðmið: 80% segist mjög eða frekar sammála því að þau fái fullnægjandi upplýsingar um nám ólögráða barns síns (úr 75%).